
Minnisblað

Dagsetning: 4. október 2021
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaaðgerðir innanlands vegna COVID-19.

Þann 26. júní sl. var öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands hætt hér á landi vegna COVID-19 og 1. júlí sl. var slakað á sýnatökum hjá farþegum á landamærum. Þessar tilslakanir voru gerðar í ljósi þess að smit innanlands voru fátíð og um 70% þjóðarinnar var full bólusettur. Því þótti rétt að láta reyna á hvort bólusetningin væri nægilega áhrifarík til að koma í veg fyrir útbreiðslu kórónaveirunnar innanlands jafnvel þó að ljóst væri að smit myndi koma með ferðamönnum frá útlöndum, sérstaklega í ljósi meiri tilslakana.

Um tveimur til þremur vikum eftir að ofangreindar tilslakanir tóku gildi fór smitum innanlands af völdum COVID-19 að fjölga og náðu þau hámarki 30. júlí en þá greindust 154 einstaklingar, nánast allir með delta afbrigði kórónaveirunnar. Í kjölfarið á þessari auknu útbreiðslu þá varð fjölgun á innlögnum á sjúkrahús (LSH) og alvarleg veikindi jukust. Í þessari bylgju faraldursins eða frá 1. júlí sl. hafa þannig um 5.200 einstaklingar greinst smitaðir hér á landi, 117 þurft á spítalainnlögn að halda, 20 lagst inn á gjörgæsludeild og þrír látist. Um helmingur þeirra sem greindust smitaðir og þurftu að leggjast inn á spítala var fullbólusettur og því ljóst að smit og alvarleg veikindi geta sést einnig hjá bólusettum einstaklingum þó í minna mæli sé. Í þessari bylgju er sömuleiðis smit og alvarleg veikindi algengari hjá óbólusettum börnum en sést hefur í fyrri bylgjum og hafa til þessa tvö alvarlega veik börn lagst inn á sjúkrahús.

Ástæður þessarar hröðu útbreiðslu kórónaveirunnar eru ekki þekktar en líklegast má rekja skýringuna að stórum hluta til hins nýja delta afbrigðis veirunnar sem er töluvert meira smitandi en önnur afbrigði, veldur skæðari sjúkdómi og sleppur meira undan verndandi áhrifum bóluefnanna.

Vegna þeirrar hröðu aukningar á smitum sem sást í kjölfar afléttinga innanlandsaðgerða og aðgerða á landamærum um mánaðarmótin júní/júlí sl. þá var var ákveðið þ. 25. júlí sl. að herða aftur aðgerir innanlands og 27. júlí voru aðgerðir á landamærum einnig hertar. Þessar hertu innanlandsaðgerðir hafa verið í gildi nánast óbreyttar frá 25. júlí sl. og gilda til 6. október 2021.

Eftir að aðgerðir innanlands og á landamærum voru hertar hefur daglegum smitum fækkað og eru þau nú um 20-60, breytileg eftir daglegum fjölda tekinnna sýna. Sömuleiðis hefur innlögnum á sjúkrahús fækkað og eru nú um 8 einstaklingar innliggjandi á LSH, þar af einn á gjörgæslu í öndunarvél.

Margvíslegar tilslakanir hafa verið gerðar í ýmsum löndum undanfarið, sérstaklega þar sem vel hefur gengið að bólusetja. Mismunandi er hvort tilslakanirnar hafa leitt til aukinnar útbreiðslu en bæðu sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) og alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) spá aukinni útbreiðslu nú í byrjun vetrar og hafa hvatt þjóðir til að viðhafa áfram nauðsynlegar sóttvarnir þ.á.m. fjöldatakmörkanir, nándarreglu og notkunar andlitsgrímu við skilgreinda atburði.

Í ljósi þróunar faraldursins erlendis og reynslunnar héraendis at fullri afléttingu takmarkana þá tel ég varhugavert að slaka meira á þeim sóttvarnaaðgerðum innanlands en þeim sem nú eru í gildi.

Ég legg því til að núverandi takmarkanir sem í gildi eru innanlands vegna COVID-19 verði látnar gilda áfram í a.m.k einn mánuð. Ég legg því til að reglugerð nr. 1030/2021 verði framlengd óbreytt í a.m.k einn mánuð.